

## Viðbragðsáætlun Háskóla Íslands

Samkvæmt lögum Almannafráttar ríkisins ber öllum vinnustöðum að huga að einkavörnum. Þótt lögin beinist helst að atvinnufyrirtækjum, þá er starfsemi Háskóla Íslands það fjölbreytt og þess eðlis að rétt er að allir sem þar starfa eða stunda nám kynni sér þær viðbragðsáætlanir og starfsreglur sem skólinn setur.

Markmiðið með þessum kafla er að kynna rétt viðbrögð ef upp kemur hættuástand sem krefst tafarlausra viðbragða eins og í tilfalli sprengingar, jarðskjálfta eða meiriháttar mengunaróhapps.

Það er mikilvægt að kynna sér þær upplýsingar sem koma fram í þessum kafla og leggja þær á minnið. Þegar hætta steðjar að er tilhneiging til órökréttra viðbragða vegna álags og hræðslu sem hættunni fylgir. Með því að kynna þér viðbragðsáætlanir skólans minnkar þú líkurnar á órökkréttum viðbrögðum.

Líta má þannig á að allir stúdentar og starfsmenn hafi svokallaða heimabyggingu. Heimabygging starfsmanna er sú bygging sem hýsir skrifstofu viðkomandi og rannsóknaraðstöðu. Heimabygging nemanda er fyrst og fremst sú bygging sem tilheyrir deildinni sem hann er skráður í og/ eða hýsir lesaðstöðuna eða vinnuaðstöðuna. Það er mikilvægt að þekkja sína heimabyggingu og þær byggingar sem sóttar eru reglulega. Hafir þú ekki fengið formlega kynningu

á húsnæðinu, þá skaltu kynna þér húsnæðið eða óska eftir kynningu. Hvar eru neyðarútgangar og hverjar eru flóttaleiðirnar? Hvar eru brunahólfín og hvaða brunadyr lokast ef brunakerfið fer í gang? Hvernig kemst þú út úr byggingunni á sem auðveldastan og fljótlegastan hátt? Þarftu að nota neyðarstiga eða eru tröppur? Sérst þú starfsmaður, skaltu jafnframt kynna þér staðsetningu vatnsinntaks og rafmagnstöflu.

Verði neyðarástand gæti þurft að leita til þín um að veita aðstoð, hlúa að fólki og búa um sár. Allir eru hvattir til að sækja námskeið í hjálp í viðlögum eða önnur sambærileg námskeið. Því fleiri sem kunna rétt viðbrögð, því auðveldara verður að komast í gegnum hættutíma og takast á við óhöpp.

## **Sprenging eða meiriháttar mengunarslys**

Sprenging hljómar eins og eitthvað óraunhæft eða eitthvað sem getur ekki átt sér stað. En það er ekki svo. Í sögu Háskóla Íslands eru dæmi um sprengingar á rannsóknarstofum. Sem betur fer eru slík dæmi þó örfá. Þessi óhöpp og meiriháttar mengunarslys gerast fyrirvaralaust og koma öllum að óvörum. Besta forvörnin gegn þessum óhöppum er að vinna skipulega og vera vel undirbúinn í hvert sinn sem farið er inn á rannsóknarstofuna.

Ef óhöpp af þessu tagi eiga sér stað skal umsvifalaust ræsa brunaboðann, rýma húsið, fara á söfnunarsvæðið (nema í tilfellum þegar vindáttin beinir hugsanlegum eiturefnum og gufum yfir söfnunarsvæðið) og bíða þar til búið er að kanna aðstæður.

### ***Þegar óhapp verður***

- ✓ Haltu ró þinni.
- ✓ Láttu slökkvilið/neyðarlínuna vita (sími 112).
- ✓ Forðaðu þér út úr rannsóknarstofunni hið fyrsta og fáðu alla sem þar eru með.
- ✓ Lokaðu dyrum og gluggum, ef það er hægt, til að takmarka mengunina.
- ✓ Settu brunaboðann í gang og rýmdu húsið. Brunaboðinn mun loka öllum eldvarnarhurðum og takmarka þannig mengunina.
- ✓ Þegar allir eru komnir út skal loka húsinu.

### ***Eftir óhapp***

- ✓ Slökkviliðið á þann búnað sem þarf til að taka á aðstæðum eins og þessum. Þeir eru með þjálfaða einstaklinga sem klæðast eiturefnabúningum og eru best í stakk búnir að taka út og meta aðstæður á staðnum. ***Enginn má fara inn í húsið aftur fyrr en slökkviliðið hefur metið aðstæður.***
- ✓ Athugaðu hvort nokkur hafi meiðst og ef svo er, veittu fyrstu hjálp. Tilkynna skal neyðarlínunni í síma 112 ef þörf krefur.
- ✓ Lykilmenn skulu sjá til þess að leiðbeina slökkviliðsmönnum í gegnum húsið og skrífa fyrir inntak gass, vatns og hita ef þörf er á. Einnig skal slökkva á aðalrofa rafmagns ef þörf krefur.
- ✓ Öryggisnefnd skólans fer yfir stöðu mála. Farið er yfir áætlanir og viðbrögð. Allir sem hafa slasast eru skráðir. Byggingar, tæki og annað sem skipt getur máli er yfirfarið í samvinnu við yfirvöld og lykilmenn hvernar byggingar.

## Jarðskjálftar

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér. Nauðsynlegt er að læra rétt viðbrögð og geta framkvæmt þau ósjálfrátt. Besta forvörnin gegn tjóni af völdum jarðskjálfta er að sjá til þess að skápar og hillur séu festar í gólf eða vegg. Þungir hlutir skulu festir í vegg eða settir neðarlega í hillur.

### *Þegar jarðskjálfti verður*

- ✓ Haltu ró þinni.
- ✓ Varast skal sérstaklega húsgögn sem fara á hreyfingu, bækur og muni sem detta úr hillum, ofna sem geta henst af festingum, rúðubrot og hugsanlega hrynjandi byggingarhluta.
- ✓ Ef þú ert á rannsóknarstofunni þarftu að varast efnavörur og rannsóknarvörur sem geta dottið af borðum eða úr hillum og brotnað. Blandist mörg efni er óvíst hvað getur gerst eða hvers kyns eiturefni eða gufur geta myndast. Best er að forða sér út úr rannsóknarstofunni hið fyrsta og fá alla með sér út.
- ✓ Ef tæki eru í gangi sem geta aukið hættuástandið, t.d. skilvindur, skal slökkva á þeim. Hugsaðu samt fyrst um sjálfan þig og forðaðu þér út úr rannsóknarstofunni hið fyrsta og fáðu aðra með þér.
- ✓ Mundu að KRJÚPA, SKÝLA og HALDA. Það má gera í opnum dyrum og halda sér í karminn en hafið gát á hurðinni. Hún gæti slegist til. Þetta má einnig gera úti í horni tveggja burðarveggja eða fara undir borð.

### *Eftir að jarðskjálfti hefur átt sér stað*

- ✓ Ef efni hafa dottið úr hillum á rannsóknarstofunni eða ef eldur er laus, skalt þú sjá til þess að enginn leynist þar inni. Lokaðu aðstöðunni og hringdu í 112. Slökkviliðið á þann útbúnað sem þarf til að taka á aðstæðum sem þessum. Í því eru jafnframt þjálfaðir einstaklingar sem klæðast eiturefnabúningum og eru best í stakk búnir að taka út og meta

aðstæður á staðnum. *Enginn fer inn í húsið fyrr en slökkviliðið hefur metið aðstæður öruggar.*

- ✓ Athugaðu hvort nokkur hafi meiðst og ef svo er, veittu fyrstu hjálp. Tilkynntu neyðarlínunni í síma 112 ef þörf krefur. Ef ekki er hægt að ná í hjálp símleiðis, skaltu auðkenna slysstað með veifu.
- ✓ Skrúfaðu fyrir inntak gass, vatns og hita (ef vatn lekur) og slökktu á aðalrofa rafmagns ef húsið er skemmt.
- ✓ Sé það mat þitt að húsið sé að hruni komið eftir skjálftann eða ef þú telur að hættan sé ekki liðin hjá (t.d. vegna þeirra efna sem gætu hafa fallið úr hillum, gasleka o.þ.h.), skal húsið rýmt.
- ✓ Kveiktu á útvarpstæki og stilltu á FM 90,1 eða langbylgju 189 kHz.

### ***Ef rýma þarf vegna jarðskjálfta***

- ✓ Aðstoðið alla slasaða út úr byggingunni (ef einhverjir eru).
- ✓ Látið alla vita að byggingin skuli rýmd.
- ✓ Farið út úr byggingunni um næsta neyðarútgang.
- ✓ Hittist á safnstaðnum og gerið nafnalista.

### ***Eftir jarðskjálfta og hættuástand***

- ✓ Öryggisnefnd skólans fer yfir stöðu mála. Farið er yfir áætlanir og viðbrögð. Allir sem hafa slasast eru skráðir. Byggingar, tæki og annað sem skipt getur máli er yfirfarið í samvinnu við lykilmenn hvernar byggingar.

## **Árás og innbrot**

Komi upp aðstæður þar sem einstaklingur er með hótanir, er vopnaður, hyggst gera öðrum mein eða fremja innbrot er mikilvægt að halda ró sinni og bregðast rétt og yfirvegað við. Ekki leggja líf ykkar í hættu, árásarmaðurinn gæti verið vopnaður. Hafið strax samband við lögreglu og lýsið aðstæðum. Hér á eftir eru nokkur atriði sem skal hafa í huga:

- ✓ Er brotamaðurinn á staðnum?
- ✓ Gættu að öryggi þínu og annarra.
- ✓ Hafðu samband við lögreglu í síma 112.
- ✓ Gefðu viðtakanda símtalsins upp hvaðan hringt er, nafn og kennitölu. Lýstu aðstæðum sem nákvæmast. Lýstu afbrota-  
manninum eins vel og þú getur, útliti (t.d. klæðaburði, ein-  
kennum o.fl.), hegðun hans (t.d.: Er hann ör, rólegur, leit-  
andi, hvernig er málfar hans, er hann með hótanir, óhljóð  
o.þ.h?) og búnaði (t.d.: Er hann vopnaður?).
- ✓ Lokaðu fyrir óþarfa umgang um vettvanginn svo ekki steðji  
hætta að fólki, og svo að hugsanlegum sakargögnum verði  
ekki spillt.
- ✓ Taktu á móti lögreglu, sérsveit eða öðrum viðbragðsaðil-  
um.
- ✓ Hugaðu að áfallahjálp og stuðningi fyrir þolendur.

## **Önnur vá sem upp getur komið**

Á stórum vinnustað, sem er jafnframt dreifður um allt höf-  
uðborgarsvæðið og landsbyggðina, geta komið upp margar  
aðstæður sem þarfnast tafarlausra aðgerða. Þessar aðstæður  
snerta Háskóla Íslands mismikið vegna staðsetningar hans.  
Hér að neðan eru nokkur atriði sem ber að skoða:

### ***Vatnsflóð og vatnsleki***

- ✓ Lokið fyrir vatnsinntakið.
- ✓ Hringið í 112.
- ✓ Hringið í umsjónarmann byggingarinnar. Ef óhappið á sér  
stað eftir kl. 16 eða um helgi skal hringja í öryggisnúmer  
HÍ, 525 5112.
- ✓ Forðið verðmætum frá skaða.
- ✓ Beinið vatnsstraumnum að opnum niðurföllum.
- ✓ Hefjið hreinsunaraðgerðir.



*Veggfestingar gáfu sig í einni af rannsóknarstofum Háskóla Íslands þann 18. júlí 2007 með þeim afleiðingum sem sjást á myndunum. Doktorsnemi sem var að vinna á rannsóknarstofunni hafði nýlega gengið út þegar óhappið átti sér stað. Ef óhappið hefði gerst örfáum sekúndum fyrr, hefði hann orðið undir skápunum (myndina tók Phatsawee Jansook).*

## Rafmagnsleysi

- ✓ Fylgið neyðarlýsingunni að útidyrum byggingarinnar.
- ✓ Hringið í umsjónarmann byggingarinnar. Ef óhappið á sér stað eftir kl. 16 eða um helgi skal hringja í öryggisnúmer HÍ, 525 5112.
- ✓ Ekki reyna að fikta við rafmagnstöfluna.
- ✓ Forðið verðmætum frá skaða. Hér skal sérstaklega hugað að verðmætum sýnum í kælum og frystum. Ef rafmagn er ekki komið á innan ákveðins tíma er nauðsynlegt að flytja sýnin í aðrar geymslur. Það skal gert í samvinnu við ábyrgðaraðila viðkomandi húsa og deilda.

## Fárviðri

- ✓ Heftið fok lausra muna.
- ✓ Fullvissið ykkur um að allir gluggar og hurðir séu tryggilega lokaðar. Aflýsið ferðalögum, kennslu, fundum og öðru. Ekki setja stúdenta eða aðra í hættu.



**KRJÚPA, SKÝLA, HALDA** (myndin er tekin af heimasíðu *Almannavarna ríkisins*).